

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 20. apríl 2022
UST202204-009/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - tillögur - Stuðlagil á Jökuldal. Umsögn

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 31. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar tillögur sem ná til svæða á jörðunum Klausturseli, Hákonarstöðum og Grund.

Klaustursel: Að mati Umhverfisstofnunar er hér um metnaðarfullt skipulag að ræða sem er einstaklega vel unnið og ítarlegt. Gerð er grein fyrir öllum atriðum sem máli skipta og er ánægjulegt að sjá hversu mikil áhersla er lögð á vandaða mannvirkjagerð og frágang. Til fyrirmyndar er sú hugmynd að uppbygging verði í áföngum og í takt við ásókn og þarfir þess fjölda sem sækir staðinn heim.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við tillöguna.

Grund: Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að í drögum er lögð áhersla á að breytingar á ásjón svæðisins verði sem minnstar þegar kemur að byggingum, vegum og stígum.

Umhverfisstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við drögin.

Hákonarstaðir: Umhverfisstofnun telur að í drögum fyrir svæðið komi fram helstu aðalatriði. Þar sem deiliskipulagssvæðið er frekar lítið gæti orðið snúið að koma mannvirkjum og innviðum vel fyrir en með góðri hönnun ætti slíkt að vera hægt.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við drögin.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur